



Samþykktir

fyrir Kaupfélag Skagfirðinga

I. kafli

Heiti félagsins, markmið og starfssvæði

1. grein

Félagið heitir Kaupfélag Skagfirðinga, skammstafað KS. Heimili þess og varnarþing er á Sauðárkróki.

2. grein

Tilgangur félagsins er:

- a) Að annast á sem hagfelldastan hátt hverskonar viðskipti og þjónustu fyrir félagsmenn og aðra, svo sem nánar er kveðið á um í samþykktum þessum eða aðalfundur félagsins ákveður á hverjum tíma.
- b) Að efla atvinnulíf í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins, svo sem stjórn þess og aðalfundur telja henta hverju sinni.
- c) Að styrkja framtíð félagsins með því að treysta fjárhag þess.
- d) Að viðhalda og útbreiða þekkingu almennings á samvinnustefnu og aðferðum hennar við að leysa félagsleg viðfangsefni.

3. grein

Starfssvæði félagsins nær yfir Skagafjarðarhérað.

II. kafli

Aðild og ábyrgð félagsmanna

4. grein

Inngöngu í félagið fá konur og karlar, sem eru fjárráða og undirrita yfirlýsingu um að þeir hlíti samþykktum félagsins. Ófjárráða fólk, 14 ára og eldra, getur fengið inngöngu fá það ábyrgðarmann, sem kaupfélagsstjóri metur gildan. Við inngöngu í félagið greiða menn aðildargjald, sem aðalfundur ákveður árlega. Þeir, sem eru fullgildir félagar í öðrum kaupfélögum, geta verið aukafélagar í KS og njóta þá annarra félagsréttinda en kosningarréttar og kjörgengis á félagsfundum.

5. grein

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendist aðalskrifstofu þess. Tilkynna ber á sama hátt ef félagsmaður flyst brott af félagssvæðinu.

6. grein

Félagsmenn bera ekki fjárhagslega ábyrgð á félaginu og skuldbindingum þess nema með eignaraðild að sjóðum félagsins og greiðslu aðildargjalds.

7. grein

Hver sá, sem segir sig úr félaginu eða fer úr því á annan hátt, svo og bú þess sem fellur frá, ber ábyrgð á öllum skuldbindingum þess, sbr. 6. grein, ásamt félagsmönnum og samkvæmt samþykktum þessum og samvinnulögum, uns reikningar félagsins fyrir yfirstandandi ár eru fullgerðir og endurskoðaðir. Sýni reikningar tekjuafgang eða halla í félaginu, tekur hann þátt í hvoru fyrir sig eins og aðrir félagsmenn.

8. grein

Gangi félagsmaður úr félaginu á hann ekkert tilkall til varasjóðs eða annarra sameigna félagsins. Aftur á móti á hann eða erfingjar hans rétt á að fá útborgaðar séreignir, svo sem stofnsjóðseign félagsmanns eftir þeim reglum, sem um það gilda, sbr. 22. grein. En standi stofnsjóðsinnstæða hans inni í félaginu, hvort heldur af því að hún er eigi fallin til útborgunar eða af því að hann hefur látið hana standa óhreyfða, getur hann fengið inngöngu aftur í félagið án þess að greiða aðildargjald að nýju.

9. grein

Félagsstjórn lætur halda félagaskrá, sem varðveitt er á skrifstofu félagsins. Nöfnum nýrra félagsmanna er bætt við hana jafnskjótt og þeir hafa gengið í félagið, en felld brott, ef þeir ganga úr félaginu, andast eða flytja brott af félagssvæðinu. Við brottflutning af félagssvæðinu á félagsmaður kost á að vera skráður sem aukafélagi. Dagsetning þessara atriða er skráð í félagaskrána. Félagaskrá er skipt eftir félagsdeildum, sbr. ákvæði 11. greinar.

10. grein

Ef félagsmaður vísvitandi vinnur gegn hagsmunum félagsins eða brýtur gegn ákvæðum laga nr. 22/1991 um samvinnufélög með síðari breytingum, getur stjórnin vísað honum úr félaginu.

Félagsmaður, sem gerður er brottrækur, getur skotið máli sínu til næsta aðalfundar félagsins til úrskurðar.

III. kafli *Skipulag félagsins, félagsfundir og stjórnarkjör*

11. grein

Félagið skiptist í deildir eftir sveitarfélögum á félagssvæðinu, eins og sveitarfélagaskipan var í desember 1997 fyrir sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði. Skrá skal féлага í deild þar sem hann er búsettur.

Ekki geta færri en 10 félagsmenn myndað félagsdeild. Á aðalskrifstofu félagsins er haldin félagaskrá eftir deildum, og miðast kjör fulltrúa á aðalfund KS við félagsmannatölu deildar um næstu áramót á undan aðalfundi hennar.

12. grein

Í hverri félagsdeild er árlega haldinn aðalfundur á undan aðalfundi félagsins og aukafundir þá er deildarstjóri telur þörf á eða fjórði hluti deildarmanna eða fleiri óska. Fundur er lögmatgur ef hann er boðaður með minnst 6 sólarhringa fyrirvara.

Á aðalfundi deildar eru rædd deildarmálefni og hver önnur félagsmál, sem heyra undir álit og tillögur deildarmanna. Einnig eru á aðalfundi deildar ræddar allar tillögur um breytingar á samþykktum þessum áður en þær koma fyrir aðalfund til afgreiðslu. Á aðalfundi deildar gerir kaupfélagsstjóri, eða annar er hann setur til þess, grein fyrir hag félagsins, breytingum á félagsmannatölu og gefur aðrar þær upplýsingar, er ætla má að varði hag deildarmanna og viðskipti þeirra við félagið.

Á deildarfundum hafa allir deildarmenn málfrelsi og tillögurétt. Deildarmaður getur gefið öðrum umboð til þess að fara með atkvæði sitt. Fulltrúar félagsstjórnar hafa rétt til að mæta á deildarfundum og taka þátt í umræðum.

13. grein

Á aðalfundi deildar er kosinn deildarstjóri og varadeildarstjóri. Kosning þeirra gildir til þriggja ára. Hver deildarmaður er skyldur til að taka kosningu í eitt kjörtímabil og ef hann skorast ekki undan, má kjósa hann svo oft sem vill. Þegar deildarstjóraskipti verða, tekur hinn nýi deildarstjóri þegar við öllum störfum, er stöðunni fylgja. Fráfarandi deildarstjóri gerir full skil á öllum sínum störfum.

14. grein

Störf deildarstjóra eru einkum þessi:

Hann boðar fundi í deildinni og stjórnar þeim og ber þar upp þau málefni, er deildarmenn varða og undir þá heyra.

Hann rekur erindi, er félagsstjórn eða framkvæmdastjóri fela honum í umboði félagsins innan deildarinnar.

Fyrir störf sín fær deildarstjóri hæfilega þóknun, er félagið greiðir honum samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Einnig ber að endurgreiða honum sannanlega útlagðan kostnað við störf sín.

15. grein

Hver deild sendir fulltrúa á félagsfundi. Deildarstjóri er sjálfkjörinn, en auk hans er á hverjum aðalfundi deildar kosinn einn fulltrúi fyrir hverja 25 félagsmenn. Þegar 5 eða fleiri eru fram yfir þá félagatölu deildar, sem deilanleg er með 25, er bætt við einum fulltrúa. Félagsdeild, sem hefur færri en 25 félagsmenn, kýs þó fulltrúa. Tölu fulltrúa skal takmarka þannig, að ein deild geti aldrei haft hreinan meirihluta á félagsfundi. Á aðalfundum deildar þarf einnig að kjósa varafulltrúa, sem sækja félagsfundi í forföllum aðalfulltrúa. Skylt er að viðhafa listakosningu ef 1/10 hluti deildarmanna óskar þess bréflega við deildarstjóra eigi síðar en 4 sólarhringum fyrir aðalfund deildar. Að kjöri loknu er gefið út kjörbréf, sem gildir til næsta aðalfundar deildarinnar. Deildarstjóri undirritar síðan kjörbréfið og sendir það þegar að loknum aðalfundi til aðalskrifstofu félagsins. Kaupfélaginu ber eftir ákvörðun aðalfundar að greiða kjörnum aðalfundarfulltrúum deilda þóknun fyrir að sækja félagsfundi.

16. grein

Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins og tekur þær ákvarðanir um starfsemi þess, sem þörf er á. Aðalfundur skal halda innan sex mánaða frá lokum reikningsárs. Aukafundi getur félagsstjórn boðað þegar hún telur þörf á og er henni ennfremur skylt að boða til aukafundar ef 10% félagsmanna krefjast þess eða þriðjungur félagsdeilda. Hafi stjórnin eigi boðað til slíks fundar innan 14 daga frá því krafa um fund berst, er með farið svo sem kveður á í 19. grein laga nr. 22/1991 með síðari breytingum. Félagsfundur er lögmaður ef a.m.k. helmingur kjörinna fulltrúa deilda mætir á fundinn. Boða skal til félagsfundar með a.m.k. viku fyrirvara. Kjörna aðalfundarfulltrúa skal boða skriflega og skal ársskýrsla fylgja fundarboði. Hyggist félagsstjórn leggja fyrir aðalfund tillögur um breytingar á samþykktum þessum eða um meiriháttar breytingar á starfsemi félagsins, ber henni að gera grein fyrir þeim í fundarboði.

Á félagsfundi eiga sæti með málfrelsi og tillögurétti, auk kjörinna fulltrúa deilda, félagsstjórn, framkvæmdastjóri og skoðunarmenn ásamt löggiltum endurskoðanda félagsins. Ennfremur hafa félagsmenn aðgang að félagsfundum. Fulltrúar eiga þó einir atkvæðisrétt og er hann jafn fyrir alla fulltrúa. Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög eða samþykktir þessar kveða á um aukinn meirihluta. Tillaga telst fallin á jöfnum atkvæðum, en hlutkesti skal ráða við kjör í stjórn og nefndir, falli atkvæði jöfn.

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

Skýrslu stjórnar.

Skýrslu framkvæmdastjóra.

Skýrslu skoðunarmanna og endurskoðanda.

Ársreikninga félagsins.

Tillögur stjórnar og félagsdeilda.

Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps.

Ákvörðun um laun stjórnar og skoðunarmanna.

Kosningar stjórnar, skoðunarmanna, fulltrúa á aðalfund Sambands ísl. samvinnufélaga og í þær nefndir og ráð, sem aðalfundur kýs.

Umræður og fyrirspurnir um þau mál önnur, sem löglega eru fram borin á fundinum.

Hver félagsmaður á rétt á því að fá mál tekið til meðferðar á félagsfundum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá félagsfundar, er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum, en gera má um það ályktun til leiðbeiningar fyrir

félagsstjórn.

Fundargerðir eru ritaðar í sérstaka fundargerðabók. Að venjulegum fundarstörfum loknum er fundargerðin lesin upp og lýst eftir athugasemdum. Loks er fundargerð undirrituð af riturum og fundarstjóra.

Stjórn félagsins setur félagsfundum reglur um fundarsköp, sem öðlast gildi að fengnu samþykki aðalfundar.

17. grein

Stjórn félagsins skipa 7 menn, sem aðalfundur kýs til þriggja ára í senn, þrjá eitt árið og tvo hin tvö árin. Á aðalfundi eru ennfremur kosnir 3 varamenn í stjórn til eins árs í senn og taka þeir stjórnarsæti í þeirri röð, sem atkvæðafjöldi þeirra segir til um. Allir félagsmenn eru skyldir til að taka kosningu í eitt kjörtímabil og skorist þeir ekki undan, má endurkjósa þá svo oft sem vill. Engan má kjósa í stjórn, sem ekki er félagsmaður. Starfsmannafélag KS hefur heimild til að kjósa einn áheyrnarfulltrúa til setu á stjórnarfundum. Hefur sá fulltrúi málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt. Starfsmannafélagið leggur reglur sínar um kjör fulltrúans fyrir stjórn KS til samþykktar og mega þær í engu brjóta gegn samþykktum þessum.

Stjórnin kýs formann, varaformann og ritara úr sínum hópi til eins árs í senn. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Stjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Mikilvægar ákvarðanir skal þó ekki taka án þess að allir aðalmenn í stjórn hafi átt þess kost að fjalla um þær, sé þess kostur. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundargjörðir eru skráðar í sérstaka gjörðabók, og skrifa viðstaddir stjórnarmenn undir þær að fundi loknum. Meirihluti stjórnar skuldbindur félagið.

Stjórnin boðar til félagsfunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast stjórn félagsins milli funda. Hún leggur fyrir aðalfund til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins fyrir næstliðið reikningsár. Hún hefur eftirlit með eignum félagsins, gætir hagsmuna þess í öllum greinum og leitar til þess ef þörf krefur þeirra leiða, er lög heimila. Laun stjórnar eru ákveðin af aðalfundi.

18. grein

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra, felur honum daglegan rekstur félagsins og þau af störfum sínum, er henni þykir henta og lög heimila. Stjórnin gerir skriflegan samning við framkvæmdastjóra um starfssvið hans og kjör. Skal samningur sá vera uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, nema brotið sé alvarlega gegn ákvæðum hans, samþykktum þessum eða landslögum. Undir slíkum kringumstæðum getur stjórnin vikið framkvæmdastjóra fyrirvaralaust frá störfum.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið félagsins og segir því upp störfum. Hann hefur samráð við stjórn félagsins um ráðningu í stjórnunarstöður. Framkvæmdastjóri hefur ekki heimild til ráðstafana, er teljast óvenjulegar eða mikilsháttar án samráðs við stjórn félagsins, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum ber framkvæmdastjóra að tilkynna stjórninni þegar í stað um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri má ekki eiga setu í stjórn félagsins. Hann sér um að ákvörðunum stjórnar félagsins sé framfylgt og gætir hagsmuna þess á öllum sviðum. Félagsstjórnin fylgist með því að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi félagsins og fjárreiðum. Hún gætir hagsmuna þess út á við og svarar fyrir þess hönd fyrir dómstólum. Félagsstjórnin veitir framkvæmdastjóra og öðrum þeim starfsmönnum félagsins, er hún telur nauðsyn til bera, prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri gerir ár hvert aðalfundi grein fyrir störfum sínum og stjórninni, hvenær sem hún óskar þess. Hann eða sá, sem hann setur til þess, mætir á aðalfundi deilda og gerir þar grein fyrir hag félagsins sbr. 12. grein samþykpta þessara.

19. grein

Aðalfundur velur félaginu tvo skoðunarmenn reikninga og einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag í samræmi við 21. grein laga nr. 22/1991 með síðari breytingum. Endurskoðendur og skoðunarmenn kanna reikningshald félagsins, meðferð fjármuna þess og annað, er að góðri endurskoðunarvenju lýtur. Skoðunarmenn séu félagsmenn, en mega ekki vera í stjórn félagsins eða gegna ábyrgðarstöðum innan þess. Þeir skulu vera fjár síns ráðandi og lögráða. Kjör skoðunarmanna gildir til tveggja ára í senn. Með sömu skilyrðum eru kjörnir tveir varaskoðunarmenn til eins árs í senn.

Um störf skoðunarmanna og endurskoðanda gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga með síðari breytingum.

IV. kafli *Ársreikningur félagsins og ársskýrsla stjórnar*

20. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga með síðari breytingum láta semja ársreikning fyrir hvert reikningsár ásamt samstæðureikningi fyrir KS og þau félög, sem það er eigandi að með þeim hætti, að eignaraðildin geti haft úrslitaáhrif á töku ákvarðana í félaginu.

Ársreikningur félagsins geymir efnahagsreikning, rekstursreikning og skýringar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur.

Ársreikningur og samstæðureikningar eru undirritaðir af stjórn félagsins og framkvæmdastjóra.

21. grein

Á aðalfundi flytur stjórnarformaður skýrslu stjórnar um starf hennar frá síðasta aðalfundi. Hann gerir þar grein fyrir bókuðum fundum stjórnarinnar, helstu ákvörðunum og þeim atriðum öðrum, er varða afkomu félagsins og stöðu þess. Þar er einnig gerð grein fyrir slíkum atriðum, er fram hafa komið frá lokum reikningsársins til þess tíma, er aðalfundur er haldinn. Einnig er upplýst um fjölda félagsmanna og breytingar á félagaskrá. Í ársskýrslu framkvæmdastjóra er gerð grein fyrir fjölda starfsmanna, heildarfjárhæð launa og þóknana til starfsmanna félagsins og stjórnar og öðrum þeim atriðum, er varða rekstur félagsins og félagsstjórn felur honum.

V. kafli *Sjóðir og veltufé*

22. grein

Í stofnsjóð félagsins skal leggja aðildargjald félagsmanna, sbr. 4. grein, og ennfremur þann hluta hagnaðar, sem aðalfundur ákveður. Árlega skal vaxtareikna og verðbæta stofnsjóðshluti félagsmanna. Að jafnaði skal hafa til viðmiðunar almenna sparisjóðsvexti og verðbætur í samræmi við almennar verðbreytingar í þjóðfélaginu, og bætast vextir og verðbætur við höfuðstól. Stofnsjóð skal nota við allan rekstur félagsins. Stofnsjóðseign

hvers félagsmanns skal koma til útborgunar:

a) Við andlát hans.

b) Við brottflutning af félagssvæðinu, enda gangi hann úr félaginu.

Þá getur félagsmaður fengið stofnsjóðseign sína útborgaða við 70 ára aldur ef hann óskar þess, enda þótt hann haldi áfram þátttöku í félaginu. Aldrei má þó greiða út stofnsjóðseign fyrr en eigandi hefur innt af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar, sem á honum hvíla sem félagsmanni, og vísast m.a. til 7. og 8. greinar samþykktu þessara. Að öðru leyti er stofnsjóðsfé óuppsegjanlegt og hlutdeild félagsmanna í stofnsjóði er ekki framseljanleg og hún stendur ekki til fullnustu kröfum skuldheimtumanna.

23. grein

Aðalfundur getur ekki ákveðið hærri greiðslur í stofnsjóð félagsmanna en stjórn félagsins leggur til við aðalfund.

24. grein

Minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagður í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð félagsins uns varasjóðurinn nemur 10 hundraðshlutum af fjárhæð stofnsjóðs. Þegar því marki hefur verið náð, skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta af fjárhæð stofnsjóðs. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap, sem ekki er unnt að jafna með öðrum hætti.

VI. kafli ***Um félagsráð afurðastöðvanna***

25. grein

Afurðastöðvum þeim, er félagið rekur, má setja sérstakar, ráðgefandi stjórnarnefndir, er nefnast samlagsráð og sláturhúsráð. Skulu þær skipaðar 5 mönnum. Þrír þeirra eru kjörnir úr hópi framleiðenda þeirra afurða, er hvor afurðastöð um sig tekur til vinnslu. Að auki sitja í ráðunum einn fulltrúi stjórnar, er hún kýs til þess, svo og framkvæmdastjóri félagsins. Samlags- og sláturhúsráð eru ráðgefandi fyrir stjórn KS og gera tillögur um starfshætti afurðastöðvanna og ráðstafanir í rekstri þeirra. Sérstakar

reglugerðir ber að setja um hvort ráð fyrir sig um starfsemi afurðastöðvanna, kosningu fulltrúa í ráðin og annað er þau varðar. Þær reglugerðir verða viðauki við samþykktir þessar og fylgja þeim.

VII. kafli *Ýmis ákvæði*

26. grein

Heimilt er félaginu að styðja hverskonar menningarstarfsemi á félagssvæðinu og stofna og starfrækja sjóð í því skyni. Aðalfundur ákveður framlög til sjóðsins og setur honum starfsreglur.

27. grein

Stjórn félagsins og aðalfundur getur ákveðið að félagið taki þátt í öðrum félögum og samtökum, svo sem með hlutafjárframlögum, þátttöku í samvinnusamböndum eða á annan hátt, sem þessir aðilar telja að þjónað geti hagsmunum félags og félagsmanna. Stjórn félagsins gerir í ársskýrslu sinni grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem hún hefur gert á þessu sviði milli aðalfunda.

28. grein

Um skrásetningu félagsins fer eftir lögum um samvinnufélög nr. 22/1991 með síðari breytingum. Öll þau atriði önnur, sem ekki eru tekin fram í samþykktum þessum, skulu einnig fara eftir þessum lögum. Heimilt er stjórn félagsins með samþykki aðalfundar að setja reglugerðir um sjóði og starfssvið hjá félaginu.

29. grein

Kaupfélag Skagfirðinga er héraðslegt fyrirtæki sem óheimilt er að slíta nema til gjaldþrotaskipta komi.

30. grein

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi. Til þess að ná samþykki þarf slík breytingartillaga að hljóta 2/3 hluta atkvæða á

aðalfundinum.

Þegar leggja á fyrir fund tillögur um breytingar á félagssamþykktunum, skal þess getið í fundarboði.

Breyting á félagssamþykktum, sem felur í sér röskun á réttarsambandi milli félagsmanna eða auknar skuldbindingar félagsmanna gagnvart félaginu, þarf samþykki tveggja lögmætra félagsfunda í röð og stuðningi eigi færri en 2/3 hluta atkvæðisbærra félagsmanna á fundinum. Breytinguna skal bera undir deildarfundi milli félagsfunda og hún hljóta þar samþykki með meirihluta atkvæða.

31. grein.

Með gildistöku samþykpta þessara falla úr gildi eldri samþykktir félagsins.

Þannig samþykkt á aðalfundi 2022, sem haldinn var í Miðgarði 15.6.2022,
og af stjórn Kaupfélags Skagfirðinga

REGLUGERÐ

fyrir Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga

1. grein

Á félagssvæði Kaupfélags Skagfirðinga starfar afurðastöð á Sauðárkróki, sem heitir Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga, skammstafað MKS. Mjólkursamlagið er stofnun innan Kaupfélags Skagfirðinga með þeirri sérstöðu, sem í þessari reglugerð felst.

Stjórn Kaupfélags Skagfirðinga fer með yfirstjórn mjólkursamlagsins að fengnum tillögum samlagsráðs.

2. grein

Markmið samlagsins eru:

a. Að tryggja framleiðendum markað fyrir mjólk þeirra og vinna úr henni þær vörur, sem best henta til sölu á hverjum tíma.

b. Að leiðbeina samlagsmönnum um meðferð mjólkurinnar áður en hún kemur í afurðastöðina og um hverskonar vöruvöndun í því sambandi.

Til að ná þessum markmiðum getur stjórn KS ákveðið, að mjólkursamlagið gerist aðili að sölusamtökum og félögum afurðastöðva innan greinarinnar.

3. grein

Samlagssvæðið er hið sama og félagssvæði Kaupfélags Skagfirðinga, og geta þeir einir orðið samlagsmenn, sem hafa leyfi til mjólkurframleiðslu. Samlagsmenn afhenda samlaginu til vinnslu alla þá mjólk, er þeir framleiða umfram heimilisþarfir og er innan framleiðsluréttar.

4. grein

Til ráðuneytis við stjórn samlagsins er 5 manna samlagsráð, sem er þannig skipað:

a. Þrjú mjólkurframleiðendur kjörnir af ársfundi samlagsins til þriggja ára í senn. Til vara eru kjörnir tveir menn til eins árs í senn.

b. Stjórn kaupfélagsins kýs einn fulltrúa úr sínum hópi og annan til vara til eins árs í senn til setu í ráðinu.

c. Kaupfélagsstjóri er jafnan sjálfkjörinn í samlagsráð, og er hann jafnframt formaður þess. Í forföllum kaupfélagsstjóra tekur staðgengill hans eða

annar, er hann setur til þess, sæti hans í ráðinu.

Samlagsstjóra eða staðgengli hans er skylt að sitja fundi ráðsins og gera því grein fyrir störfum sínum og starfsemi samlagsins, óski formaður þess. Samlagsráð sér um að reglugerð samlagsins sé framfylgt. Það er ráðgefandi um ákvarðanir, er varða rekstur samlagsins og fjárfestingar, svo og um ráðningu samlagsstjóra og önnur mál, er varða samskipti samlagsins og framleiðenda.

Kaupfélagsstjóri kallar samlagsráð til funda þegar þörf gerist eða a.m.k. 2 samlagsráðsmenn óska þess.

5. grein

Meðferð mjólkur og önnur atriði, er varða mjólkurframleiðsluna, séu í samræmi við reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, er heilbrigðis- og tryggingaráðherra setur hverju sinni.

Mjólkursamlagið ræður eftirlitsmenn til að fylgjast með mjólkurhúsum, tönkum og vélbúnaði við mjaltir. Leiðbeina þeir um viðhald þessara tækja og notkun þeirra.

6. grein

Mjólk sú, er framleiðendur afhenda úr heimilistanki, er mæld við dælingu í mjólkurflutningabifreið með löggiltum mæli. Mjólkurframleiðandi fær afrit af mælingunni hverju sinni. Framleiðendum er síðan greitt í viðskiptareikninga hjá KS eftir hvern innleggsmánuð skv. samandregnum mælinganótum frá dælum mjólkurbifreiða á þann hátt, sem kveðið er á um í gildandi lögum hverju sinni, nú lögum nr. 46/1985.

7. grein

Kaupfélagsstjóri KS ræður samlagsstjóra að fenginni umsögn samlagsráðs skv. 4. grein og eftir að hafa ráðfært sig við stjórn KS skv. ákvæðum í 18. grein samþykka kaupfélagsins. Hefur hann á hendi daglegan rekstur samlagsins og afurðasölu í samráði við kaupfélagsstjóra KS. Að öðru leyti er starfssvið hans og kjör ákveðin með sérstökum samningi.

8. grein

Samlagið heldur ársfund eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Á ársfundi er gerð grein fyrir rekstri samlagsins og mjólkurflutningabifreiða. Þar er einnig leitast við að fjalla um málefni, sem varða mjólkurframleiðsluna sérstaklega, markaðs- og framleiðslumál og kynna nýjungar og annað, er til framfara horfir í mjólkurframleiðslunni.

Á ársfundisamlagsinseigasæti með atkvæðisrétti allirmjólkurframleiðendur á samlagssvæðinu. Aðalfundur KS hefur æðsta vald í málefnum samlagsins sem og annarra deilda kaupfélagsins, en taka skal hann tillit til ályktana ársfundar samlagsins og tillagna samlagsráðs.

9. grein

Um tillögur til breytinga á reglugerð þessari skal fara á sama hátt og með tillögur um breytingar á samþykktum KS, en þó ber að fjalla um slíkar breytingartillögur á ársfundi samlagsins, áður en þær koma til lokaafgreiðslu á aðalfundi KS.

10. grein

Með reglugerð þessari er felld úr gildi eldri reglugerð samlagsins.

Undirritað í júní 2022 í stjórn
Kaupfélags Skagfirðinga

REGLUGERÐ

fyrir Sláturhús Kaupfélags Skagfirðinga

1. grein

Kaupfélag Skagfirðinga starfrækir afurðastöð, sláturhús á Sauðárkróki, sem er stofnun innan KS með þeirri sérstöðu, sem í þessari reglugerð felst. Stjórn Kaupfélags Skagfirðinga fer með yfirstjórn sláturhússins að fengnum tillögum sláturhúsráðs.

2. grein

Markmið sláturhússins eru:

- a. Að annast slátrun á búpeningi félagsmanna og annarra framleiðenda, sem þess kunna að óska.
- b. Að stuðla að sem mestri vöruvöndun á þeim afurðum, sem sláturhúsið tekur til meðferðar frá framleiðendum og að koma þeim í sem best verð á innlendum og erlendum mörkuðum.
- c. Að stuðla að fjölbreytni í framleiðslu og vöruvali og öðru því, er gæti aukið sölu innlendra afurða.

3. grein

Við stjórnun sláturhússins skal kaupfélagsstjórn hafa sér til ráðuneytis 5 manna sláturhúsráð, sem er skipað eins og hér greinir:

- a) Aðalfundur KS kýs 3 menn úr hópi framleiðenda, sem jafnframt séu félagsmenn í KS og leggi afurðir sínar inn hjá sláturhúsi félagsins. Kjörtími þeirra er 3 ár. Þá kýs aðalfundur einnig 2 menn til vara til eins árs í senn og uppfylli þeir sömu skilyrði og aðalmenn.
- b) Stjórn kaupfélagsins kýs úr sínum hópi einn mann og einn til vara til eins árs í senn.
- c) Kaupfélagsstjóri er sjálfkjörinn í ráðið og er hann jafnframt formaður þess. Í forföllum hans tekur staðgengill kaupfélagsstjóra, eða sá er hann setur til þess, sæti hans.

Forstöðumanni sláturhússins er skylt að sitja fundi ráðsins og gerir hann þar grein fyrir störfum sínum og starfsemi sláturhússins sé þess óskað.

4. grein

Sláturhúsráð sér um að reglugerð sláturhússins sé framfylgt. Það er ráðgefandi um öll þau mál, er varða samskipti sláturhúss og framleiðenda. Það er ráðgefandi um ráðningu sláturhússtjóra. Kaupfélagsstjóri KS ræður hann síðan að fenginni tillögu ráðsins og eftir að hafa ráðfært sig við stjórn KS skv. 18. grein samþykka félagsins.

5. grein

Sláturhúsráð skal ákveða tilhögun flutninga sláturgripa til sláturhússins.

6. grein

Sláturhússtjóri sér um daglegan rekstur sláturhússins og afurðasölu þess í samráði við kaupfélagsstjóra.

7. grein

Formaður sláturhúsráðs kallar saman fundi í ráðinu þegar þörf krefur eða minnst 2 ráðsmanna krefjast þess.

8. grein

Um breytingar á reglugerð þessari skal farið með á sama hátt og breytingar á samþykktum kaupfélagsins.

9. grein

Með reglugerð þessari fellur úr gildi eldri reglugerð sláturhússins.

Undirritað í júní 2022 í stjórn
Kaupfélags Skagfirðinga

REGLUGERÐ

fyrir Menningarsjóð Kaupfélags Skagfirðinga

1. grein

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður KS.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að halda uppi fræðslu í félags- og samvinnumálum og veita fjárhagslegan stuðning hverskonar menningar- og framfaramálum á félagssvæði KS.

3. grein

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlag af árlegum tekjuafgangi kaupfélagsins, sem aðalfundur ákveður, þó aldrei lægra en 50.000, - fimmtíu þúsund krónur. Einnig getur aðalfundur fundið sjóðnum ákveðinn tekjustofn.
- b) Vaxtatekjur.
- c) Frjáls framlög félagsmanna eftir eigin vild.

4. grein

Stjórn sjóðsins hefur á hendi úthlutun á ráðstöfunarfé sjóðsins skv. 2. grein og framkvæmir hana annað hvort eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum, er fram kunna að koma. Aldrei má þó úthluta meiru en $\frac{3}{4}$ af innstæðu sjóðsins. Úthlutun fer fram einu sinni á ári, jafnaðarlega að vorinu.

5. grein

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir til þriggja ára, þó þannig, að einn gengur úr eftir eitt ár samkvæmt hlutkesti og einn eftir tvö ár samkvæmt sömu reglu. Skal síðan kosinn einn á aðalfundi hvers árs. Formaður félagsins og framkvæmdastjóri eru sjálfkjörnir í stjórnina, og er hinn fyrrnefndi jafnframt formaður hennar. Kjósa skal 2 menn til vara til tveggja ára.

6. grein

Sjóðurinn skal vera í vörslu K.S., og nýtur hann sömu vaxta og stofnsjóður félagsins.

7. grein

Reikningar sjóðsins, endurskoðaðir af endurskoðendum K.S., skulu lagðir fram á aðalfundi félagsins ár hvert.

Undirritað í júní 2022 í stjórn
Kaupfélags Skagfirðinga